

Nd.

188. Breytingartillögur

[103. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá Jóni Skaftasyni og Gísla Guðmundssyni.

Við 2. gr.

a. Fyrir orðin „og oddamanni, sem er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans“ í niðurlagi 1. efnismálsgr. komi: og oddamanni, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

b. Á eftir málsgreininni komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú nær verðlagsráð ekki einróma samkomulagi um skipun oddamanns í yfirnefndina innan 2 sólarhringa, frá því að ákvörðun var tekin um vísun ágreinings til yfirnefndar, og tekur þá forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans sæti oddamanns.